

## Borgarráð

### *Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um úthlutun lóða á síðasta kjörtímabili - óskað eftir uppfærðu svari*

Á fundi borgarráðs 23.8.2018 var lögð fram svohljóðandi beiðni um uppfært svar við Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um úthlutun lóða á síðasta kjörtímabili:

Hinn 11. maí 2018 barst borgarráði svar við fyrirspurn mál: R18020068, um fjölda lóða sem hefur verið úthlutað á kjörtímabilinu fyrir leigu- og búseturéttaríbúðir frá Framsókn og flugvallarvinum. Óskað var eftir upplýsingum um það hvað Reykjavíkurborg hafði úthlutað mörgum lóðum á síðasta kjörtímabili fyrir leigu- og búseturéttaríbúðir, hvaða lóðir það væru, fjöldi íbúða á hverri lóð, til hverra var úthlutað, dagsetning lóðaúthlutana, hvort byggingarleyfi hafi verið gefin út og ef svo er á hvaða byggingarstigi húsin voru á hverri lóð fyrir sig. Óskað er eftir uppfærðu svari miðað við 25. ágúst 2018.

Svar:

Lóðaúthlutunum hefur fjölgað um eina frá fyrra svari, Vesturgata 67, en ekki liggja fyrir upplýsingar um fjölda íbúða sem rísa munu á lóðinni og því ekki að finna í samtölu yfir íbúðafjölda hér fyrir neðan. Þá hefur byggingarleyfum fjölgað og staða byggingarstiga breyst frá því að síðasta svar var lagt fram í borgarráði.

| Leiguíbúðir                |                                         | Íbúða-<br>fjöldi | dags<br>úthlutunar | byggingaleyfi<br>útgefið | byggingar-<br>stig |
|----------------------------|-----------------------------------------|------------------|--------------------|--------------------------|--------------------|
| Úthlutunarhafi             | Staðsetning                             |                  |                    |                          |                    |
| Bjarg hses                 | Móavegur 2                              | 155              | 16.3.2017          | 6.7.2018                 | 2                  |
| Bjarg hses                 | Urðarbrunnur 33-35                      | 36               | 23.5.2018          | 25.7.2018                | 1                  |
| Bjarg hses                 | Urðarbrunnur 130-134                    | 55               | 23.5.2018          | 6.7.2018                 | 1                  |
| Bjarg hses                 | Hallgerðargata 2 og 10<br>(áður G og H) | 79               | 20.7.2017          |                          |                    |
| Bjarg hses                 | Úlfarsárdalur A reitur                  | 72               | 8.3.2018           |                          |                    |
| Bjarg hses                 | Kleppsmýrarvegur                        | 75               | 20.3.2018          |                          |                    |
| Háskólinn í<br>Reykjavík   | Nauthólsvegur 83                        | 370              | 12.10.2017         | 18.9.18                  |                    |
| Félagsstofnun<br>stúdenta  | Sæmundargata 21                         | 244              | 9.11.2017          | 8.3.2018                 | 2                  |
| Byggingafélag<br>námsmanna | Stakkahlíð A og B reitur                | 100              | 12.10.2017         |                          |                    |
| Samtök aldraðra            | Stakkahlíð C-reitur                     | 60               | 12.10.2017         |                          |                    |
| Félag eldri borgara        | Árskógar 1-3                            | 52               | 31.3.2016          | 15.2.2018                | 3                  |

|                     |                              |         |           |          |   |
|---------------------|------------------------------|---------|-----------|----------|---|
| Brynja              | Hallgerðargata 20 (áður I)   | 37      | 4.5.2018  |          |   |
| Félagsbústaðir      | Árland 10                    | 8       | 5.10.2017 |          |   |
| Félagsbústaðir      | Rökkvatjörn 3                | 6       | 1.3.2018  |          |   |
| Félagsbústaðir      | Vesturgata 67. 227 fermetrar | ótilgr. | 26.4.2018 |          |   |
| Félagsbústaðir      | Þorlaksgeisli 2-4            | 5       | 24.7.2014 | 7.8.2015 | 7 |
| Samtals leiguíbúðir |                              | 1354    |           |          |   |

#### Búseturéttaríbúðir

| Úthlutunarhafi             | Staðsetning     | Íbúða-<br>fjöldi | dags<br>úthlutunar | byggingaleyfi<br>útgefið | byggingar-<br>stig |
|----------------------------|-----------------|------------------|--------------------|--------------------------|--------------------|
| Búseti                     | Árskógar 5-7    | 72               | 8.3.2018           |                          |                    |
| Búseti                     | Úlfarárdalur C1 | 36               | 8.3.2018           |                          |                    |
| Búseti                     | Skógarvegur 16  | 22               | 1.9.2016           | 3.1.2018                 | 2                  |
| Búseti                     | Keilugrandi 1   | 78               | 22.5.2017          | 4.5.2018                 | 2                  |
| Samtals búseturéttaríbúðir |                 | 208              |                    |                          |                    |

Samtals leigu- og  
búseturéttaríbúðir 1562

Dagur B. Eggertsson